



Hvort ertu?

Hvor ertu? er leikur er skemmtileg og einföld leið til að hefja umræðu um hinseginleikann eða annan fjölbreytileika. Leikurinn virkar með öllum aldurshópum og hægt er að aðlaga hann eftir fjölda þátttakenda, stærð hópsins og líkamlegri getu.

Leikurinn er góð leið til þess að byrja umræðu um hinseginleikann eða annan fjölbreytileika. Gott er að taka þessa æfingu áður en þú segir hópnum að þú ætlir í umræðu eða fræðslu um hinseginleikann.

Þú byrjar á að kynna að við ætlum að fara í leik og útskýrðu að leikurinn snýst um að velja milli tveggja möguleika sem þú gefur.

- Reglan er einföld: Það má ekki spyrja þig nánar út í valmöguleikana.

Leikurinn snýst um að þau þurfi að velja hvort þau eru út frá tveimur möguleikum sem þú gefur þeim. Þú getur látið þau annað hvort standa upp og setjast niður eftir hvort valið er, fara alveg til hægri að einum vegg eða alveg til vinstri að öðrum vegg, eða jafnvel rétta upp hönd eða hafa höndina alveg niðri á borðinu. Skiptir ekki öllu máli hvernig þetta er útfært, það sem skiptir máli er að þau hafi möguleika á að velja bara um tvennt.

Tökum dæmi þar sem þau velja annað hvort vegg alveg til hægri, eða vegg alveg til vinstri þá segir þú til dæmis:

Farið alveg til hægri ef þú ert hávaxinn, eða alveg til vinstri ef þú ert lágvaxinn. Eða farðu alveg til hægri ef þú ert með svart hár, eða alveg til vinstri ef þú ert með hvítt hár. Það sem gerist yfirleitt er að þátttakendur spurja „er ég lágvaxinn? hvað ef ég er bara svona í miðjunni“ eða „en ef ég er með brúnt hár?“. Þá minnir þú á að það er bannað að spurja þig nánar út í.

Það sem gerist yfirleitt, að fólk lendir einhverstaðar í miðjunni, eða lætur sig í annað hvort boxið, er með músabrúnt hár en fer samt í svarta eða skollitað hár og fer í ljósa. Þau sem eru í miðjunni eru oft mjög ringluð að geta ekki valið.

Fjöldi umferða fer eftir tíma og áhuga hópsins. Þú getur spurt 2-3 spurninga fyrir stuttan leik eða allt að 20 fyrir lengri umræður.

Í lokinn eru svo umræður sem einnig er hægt að aðlaga eftir hópnum.

Hvort ertu?

Hugmyndir að útfærslum eftir fjölbreyttri líkamlegri getu:

Farðu til hægri að X punkt / vegg eða að fara alveg til vinstri eða að X punkt. Stattu upp eða sestu niður. Réttu upp hönd eða hafðu hana á borðinu.

Settu höndina á rauða blaðið / bláa blaðið.

Kveiktu eða slökktu á þessu ljósi/ lampa - eða gerðu þetta hljóð eða annað. Veldu þetta tákn á talgervli eða annað.

Hugmyndir að valmöguleikum:

Hávaxinn	-	Lágvaxinn
Svart hár	-	Hvítt hár
Blindur	-	Með fullkomna sjón
Sítt hár	-	Sköllóttur
Blá augu	-	Brún augu
Ert í kjól	-	Ert í jakkafötum
Ert loðinn	-	Ert alveg hárlaus
Talar bara erlent tungumál	-	Talar bara íslensku
Ert alveg blindur	-	Ert með fullkomna sjón
Færð 10 í einkunn alltaf í öllu	-	Færð 0 í einkunn alltaf í öllu
Ert í sokkabuxum	-	Ert ekki í sokkabuxum
Borðar bara nammi í öll mál	-	Borðar aldrei nammi
Hefur ferðast til allra landa í heiminum	-	Hefur aldrei farið til útlanda
Ert í A blóðflokk	-	Ert í B blóðflokk
Ert með eina slagæð að nýrum	-	Ert með tvær slagæðar að nýrum
Verður alltaf mjög sólbrenndur	-	Verður aldrei sólbrenndur

Hægt er að aðlaga svo út frá aldri og þroska. Gott er að hafa eitthvað líkamlegt sem þau vita ekki endilega um, aðalega við fullorðið fólk, því þegar farið er inn á umræðu um Intersex fólk að ekki öll vita þau séu mögulega intersex því fáir vita hvernig kynlitningar þeirra eru.

Sjá þetta myndband sem er gott að fylgja með aðalega ef þú ert með unglinga eða fullorðið fólk og spyrð t.d um blóðflokkinn: [Sex Chromosomes](#)

Umræður

Byrja að því að fá öll aftur í sætin sín ef þau eru dreifð um stofuna eða fyrir framan þig sem hópur.

Hægt er að hafa umræður mjög stutt, frá því: Hvernig fannst ykkur þessi leikur? og spurja nánar út í það - yfir í því að taka langar umræður með öllum spurningunum hér að neðan.

Byrjaðu á því að spurja hvernig fannst ykkur leikurinn?

Spurðu út í svarið þeirra - til dæmis ef þau segja, þetta var erfitt að þurfa velja eða þetta var skemmtilegt.

- Hvað var skemmtilegt / hvað var erfitt?

Spurningar um upplifun eða tilfinningar við val:

- Hvað kom þér á óvart í þessum leik?
- Hvað lærðir þú um sjálfan þig eða aðra í þessum leik?
- Hvernig fannst ykkur að þurfa að velja á milli tveggja möguleika?
- Hvað gerðu þið ef hvorugur valmöguleikinn átti við ykkur?
- Hvernig myndir þið lýsa því að vera „í miðjunni“ eða passa ekki í ákveðið box?
- Hvernig upplifðu þið að sjá aðra taka val sem var ólíkt ykkar?
- Hvað finnst ykkur um að þurfa að skilgreina sjálfan ykkur á ákveðinn hátt?

Spurningar um fjölbreytileika og sjálfsmynd?

- Hvernig fannst ykkur að sjá hversu ólíkar ákvarðanir hópurinn tók?
- Hvað var áhugavert eða óvænt við fjölbreytileikann í hópnum?
- Hvað finnst ykkur um hugmyndina að ekki allir passa í sömu skilgreiningar eða flokka?
- Hvað eru dæmi í samfélaginu okkar þar sem fólk þarf að velja einhver box?
 - Til dæmis stelpa eða strákur, bara skotin í stelpum eða bara skotin í strákum (Gagnkynhneigð eða samkynhneigð)

Þessi æfing tengis hinseginleikanum og fjölbreytileikanum hjá okkur öllum og ætlum við því að ræða aðeins hinseginleikann. (Útskýrðu hvað það er ef þau þekkja það ekki - [Hér](#) eru upplýsingar um það á [ötila.is](#))

- Hvernig haldið þið að hinsegin fólk upplifi pressu um að passa inn í ákveðið box / þurfi að velja?
- Hvernig haldið þú að það sé að lifa lífi þar sem þú þarft oft að útskýra eða verja hver þú ert?
- Hvernig haldið þið að það sé ef fólk myndi tala niðrandi um þig eða jafnvel beita ofbeldi, bara af því þú valdir ekki annað hvort boxið (dökkt eða ljóst hár t.d)
- Hvað finnst þér mikilvægt að vita eða læra um hinseginleika?
- Hvað getið þið gert til að gera það auðveldara fyrir fólk að vera það sjálft?
- Hvað getið þið gert til að sýna öðrum skilning og virðingu fyrir fjölbreytileika þeirra?
- Hvernig finnst ykkur samfélagið bregðast við fjölbreytileika í dag?